 Skipulagsstofnun

Moti: - 2 mars 2022
Mátnr.
202111082

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Þorlákshöfn, 2. mars 2022
Málsnúmer: 2201050 GJ
Kt. umsk. 5902695149

Skipulags- og
byggingarfulltrúi



ÖLFUS

Hafnarberg 1
B15 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800 olfus.is

Á 31. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 1.3.2022 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

Litla Sandfell - Umsögn um matsáætlun

Skipulagsstofnun biður um umsögn um matsáætlun fyrir stækkun námunar í Sandfelli. Nefndin hefur áður samþykkt stækkun á námunni í tengslum við vinnu við nýtt aðalskipulag. Matsáætlun er nokkurs konar rammi eða áætlun um fyrirhugað umhverfismat sem vinna á vegna stækkunar námunar.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Afgreiðsla: Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfus telur að vel sé gerð grein fyrir fyrirhuguðu umhverfismati. Hún vill þó benda á mikilvægi þess að umhverfismatið taki á eftirfarandi atriðum:

Aðgengi almennings að útivistarsvæðum, t.d. inn að Geitafelli verði áfram opið.


Gerð verð grein fyrir álagi sem fylgir framkvæmdinni með mtt. umferðaröryggis og umhverfismála.

Gera þarf grein fyrir hvaða áhrif aukin þungaumferð mun hafa á Raufarhólshelli sem liggur undir þjóðveginn norðan Krossfjalla.


Nefndin vill einnig áréttu mikilvægi þess að fyrirhugað umhverfismat fjalli um frágang svæðisins bæði eftir að námavinnslunni líkur og eins komi það skýrt fram að gengið verði jafnóðum frá þeim svæðum sem hafa verið unnin, meðan á námavinnslunni stendur.

Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að námaleyfi og fer með skipulagsvald á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar


Gunnlaugur Yonasson
skipulagsfulltrúi Ölfuss

Skipulagsstofnun
Laugavegi 164
105 Reykjavík




Dags. 3.3.2022

Efni: Athugasemdir við matsáætlun dags. 19.01.2022 vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr litla Sandfelli

Samantekt: Farið er fram á að Skipulagsstofnun fallist ekki á stórauðna efnistöku úr litla Sandfelli sem felur í sér að fjallið verði fjarlægð á 30 ára tímabili. Framkvæmdin stefnir vatnsbóli heimamanna í hættu vegna þeirrar stöðugu vinnslu sem fram á að fara í fjallinu á 30 ára tímabili vegna legu litla Sandfells gagnvart vatnsbólinu. Framkvæmdin mun valda óafturkræfum umhverfisáhrifum á svæði sem er í alfaraleið og verður meiriháttar lýti á þessu nánast óraskaða svæði frá Lambafelli að Neðrafjalli. Fyrir eru 3 stórar námur í 5-6 km fjarlægð frá litla Sandfelli sem eru að öllum líkindum með mjög sambærilegu efni.


1. Fjarlægð frá Litla Sandfelli í vatnsbóli vestursveitarinnar í Ölfusi er 3,5 km og liggur vatnsbólið sunnan við og töluvert neðar í landi en litla Sandfell, sjá Mynd 1 ().
 - a. Hvaða áhrif getur þessi vinnsla á næstu 30 árum haft á vatnsbólið?
 - b. Hverjar eru mögulegar hættur gagnvart vatnsbólinu?
 - c. Ef einhverjar hættur eru til staðar, hvað verður gert til að tryggja að vatnsbólið mengist ekki og hver verður ábyrgð rekstrar aðila námunnar gagnvart notendum vatnsveitunnar?



Mynd 1 Fjarlægð frá Litla Sandfelli að vatnsbóli Vestursveitarinnar í Ölfusi.
Bláa línan sýnir dreifikerfi vatnsveitunnar og gula línan sýnir fjarlægðina frá litla Sandfelli í vatnsbólið.

2. Í Lambafelli eru nú þegar 3 stórar námur og búið að raska ásýnd Lambafells verulega og auk þess er einnig stór náma í Ingólfsfjalli. Einnig er náma í Hvammi og við Núpa þó minni vinnsla sé í þessum námum. Gert er ráð fyrir því að Lambafell verði að miklu leiti fjarlæggt samkv. fyrirbyggjandi vinnsluleyfum. Litla Sandfelli hefur aðeins verið raskað lítillega á einni hlið fellsins. Það eru einungis rúm 5 km frá Litla Sandfelli í núverandi námu Edeh mining í Lambafelli sem er sami aðili og sækir um að nýta efnið úr litla Sandfelli. Landið er nokkuð flatt þar á milli, sjá Mynd 2.

- a. Að hvaða leiti er þetta efni frábrugðið því sem er í Lambafelli?
- b. Er nauðsynlegt að raska litla Sandfelli frekar eða er alveg eins hægt að taka efnið úr Lambafelli?



Mynd 2 Fjarlægð milli námu Edeh mining í Lambafelli og litla Sandfells.


3. Því er haldið fram í matsáætluninni að það sé umhverfislega jákvætt að flytja efni frá Íslandi til Evrópu til að drýgja sement án þess að það sé rökstutt nákvæmlega. Kaupa þarf margskonar tæki til flutninga og vinnslu, ýta þarf efninu úr fjallinu, moka því á bíla, flytja það til Þorlákshafnar, vinna það í Þorlákshöfn, koma efninu í skip og flytja það til Evrópu og að lokum flytja efnið innan Evrópu í sements framleiðslustöðvar. Við fyrstu sýn virðist hæpið að CO2 losun við sementsframleiðslu í Evrópu geti minkað við þetta.

- a. Hér vantar rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu að það hafi áhrif til minnkunar á losun CO2 að flytja efnið til Evrópu til sements framleiðslu

Arnar Bjarki Árnason

Bjarnastaðir, Ölfusi

From: Örn Þorvaldsson <ornthorv@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 3. mars 2022 22:13
To: Skipulagsstofnun - SLS
Subject: Efnistaka úr Litla Sandfelli í Þrengslum



Komið þið sæl.

Hér koma mínar athugasemdir!

Kveðja Örn Þorvaldsson.

P.S. vinsamlega svarið mér eftirfarandi:

Staðfestið móttöku og er ég innan tímaramma?

Efnistaka úr Litla Sandfelli

Undirritaður mótmælir meiri efnistöku úr Litla Sandfelli með eftirfarandi rökum:

- Að Litla Sandfelli sé tiltölulega óskemt og ekki eigi áfram að stunda efnistöku úr fjallinu, mál sé að linnil
- Að verið sé að fjarlægja fjall í heilu lagu af yfirborði jarðar, sem geri Ísland fátækara!
- Að verið sé að skerða íslenska náttúru og útlit svæðisins fyrir núverandi og komandi kynslóðum, að óþörfu!
- Að Litla Sandfell sé kennileiti sem ekki megi hverfa, en eins og vitað er geta kennileiti komið ferðamönnum að gagni, sérstaklega í neyð!
- Að taka megi efni sömu tegundar og fæst úr Litla Sandfelli annarstaðar, þar sem þegar er efnisnáma, það er úr Lambafelli þarna nærri!
- Það að hlífa Litla Sandfelli en taka í staðin efni úr Lambafelli, er í samræmi við markmið stjórnvalda um að hafa efnisnámur frekar fáar!
- Þar sem að Litla Sandfell sé á fjölförnum stað og að fjarlægja fjallið/fellið muni draga úr upplifun ferðamanna á svæðinu og þar með heildar náttúru upplifun suðvesturhornsins!
- Að Íslensk ósnortin náttúra sé sameiginleg **auðlind** allra Íslendinga og að hún sé sjálfbær svo lengi sem hún sé ekki eyðilögð eins og nú stendur til að gera við Litla Sandfell!
- Þeim að einstaklingar sem "eiga jörð" hafi ekki siferðilega rétt til þess að fjarlægja af yfirborði Jarðar fell eða fjöll og rýra þannig heildar ásýnd Íslands, þó svo að hinir sömu séu í peninga kröggum!
- Því það að einstaklingar "eigi jörð" er mjög umdeilt hér á landi. En sem dæmi þá á grænlandsku þjóðin Grænland sameiginlega, svo að **einstaklingar** og trúfélög þar geta ekki að eigin frumkvæði **eyðilagt það sem almenningi í er kært!**
- Að Litla Sandfell er sama sem ósnert í dag og að verðveita það styður við aðra ferðamannastaði á svæðinu eins og Raufarhólshellir, en þar hefur nýlega verið byggt upp. Litla Sandfell má því alls ekki fjarlægja!
- Því að fjarlægja fell eða fjall af yfirborði jarðar eins og Litla Sandfell (í þessu tilfelli) þýðir að breyta þarf öllum landakortum af Íslandi og sem um leið gerir öll gömul landakort af landinu úrelt!
- Því það að fjarlægja Litla Sandfell er ekki sjálfbær aðgerð - en að varðveita Litla Sandfell er aftur á móti **sjálfbært** en eins og allir vita er ósnortið land "stærsta auðlind Íslands" sem mun vara að eilífu meðan ekki verður látið að óskum, eigenda umrædds svæðis eða jarðar og það réttasta í stöðunni væri að friða Litla Sandfell!
- Þeim rökum að áratugurinn 2020- 2030 er áratugur "Endurheimt vistkerfa í nafni Sameinuþjóðanna" að fjarlægja Litla Sandfell af yfirborði Jarðarinnar er því ekki í samræmi við hugmyndir Sameinuðu Þjóðanna og er þar af leiðandi "ÍSLENDINGUM EKKI SÆMANDI"!

Undirritaður er algjörlega mótfalinn þessari aðgerð og segir því HART NEI VIÐ HENNI!

Það sem gera ætti frekar fyrir þennan stað á Suð-vesturlandi er eftirfarandi;

Afmá fyrra efnisnám í hlíðum **Litla Sandfells** sem frekast er unnt - Loka aðkeyrslunni að Litla Sandfelli og nota hana svo sem göngustíg að fjallinu – setja upp áningu í námunda við þrengslaveginn (á veginum að Litla Sandfelli þar sem nú er keðjuhlið) – auk þess að setja þar upp merkingu með heiti staðarins, ásamt fræðsluskylti um nágrennið!

Með von um jákvæð viðbrögð

3. mars 2022

Örn Þorvaldsson

Gulapíngi 42 203 Kópavogi



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 3. mars 2022
2201103HS SHJ

Efni: Eden mining, efnistaka úr Litla Sandfelli - Umsögn um matsáætlun

Þann 31. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðar efnistöku úr Litla Sandfelli í Ölfusi.

Um er að ræða töku á um 15 milljónum rúmmetra af efni yfir um 30 ára tímabil úr efnisnámu sem starfrækt hefur verið frá árinu 1965 í Litla Sandfelli í Ölfusi. Náman er í um 13 km fjarlægð frá Þorlákshöfn þar sem ætlað er að nota um 60% af efninu til framleiðslu á staðgönguefni kolaflugösku til íblöndunar í sement. 40% af efninu er ætlað til notkunar í framkvæmdir á svæðinu. Við lok framkvæmdatímans mun fellid vera að öllu leyti horfið. Valkostur B er að taka helmingi minna af efni og vinna fellid eingöngu að vestanverðu til að ásýnd þess haldist að einhverju leyti óbreytt frá Þrengslavegi.

Skv. matsáætluninni er meginmarkmið framkvæmdarinnar að framleiða umhverfisvænt staðgönguefni kolaflugösku, sem er notuð sem íauki í sement í staðin fyrir svokallaðan sementklinker. Sementsiðnaðurinn er sagður undir mikilli pressu að minnka CO₂ losun frá framleiðslunni og muni efni eins og móberg og vikur leika lykilhlutverk í að ná því takmarki með því að koma í stað hins óumhverfisvæna sementsklinkers.

Í matsáætlunni er jafnframt tekið fram að Eden mining ehf. sé einungis hráefnissali og beri því ekki ábyrgð á vinnslu efnisins umfram það að vinna það í hentugan grófleika fyrir flutning til kaupanda í námunni sjálfri.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Skv. matáætlunni losar framleiðsla hvers tonns af sementsklinker um 842 kg af CO₂ í andrúmsloftið. Í matáætlunni kemur jafnframt fram að fyrir hvert tonn af efni, öðru en sementsklinker, sem notað er í sementsframleiðslu muni losna 842 kg minna af CO₂ í andrúmsloftið. Er þannig gert ráð fyrir því í matáætlunni að staðgönguefni sementsklinkers, sama hvaða efni það er, hafi ekkert kolefnisfótspor.



Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skal í umhverfismatskýrslu gera betur grein fyrir kolefnisfótspori fyrirhugaðar efnisvinnslu í Litla Sandfelli í matsskýrslu, ávinningi af henni hvað varðar minnkun kolefnisfótspors sementsframleiðslu og byggingariðnaðar á Íslandi og í norður Evrópu og möguleg neikvæð hnattræn áhrif á loftslag verði ekkert af fyrirhugaðri efnistöku.

2. Í kafla 4.2.2 *Verkhættir á framkvæmdatíma og umferð á rekstrartíma*, kemur fram að umferð samhliða starfseminni geti falið í sér áhrif á loftgæði, hljóðvist og umferðaröryggi. Þrátt fyrir þetta virðist ekki vera ætlunin að fjalla um þessa þætti í matsskýrslu þar sem þeir eru ekki taldir upp í kafla 4.4. *Umhverfisþættir sem fjallað verður um í umhverfismatsskýrslu.*

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að fjalla skuli um áhrif framkvæmdarinnar á ofangreinda þætti í umhverfismati framkvæmdarinnar.


3. Að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir næsta umhverfi framkvæmdarinnar í fyrirliggjandi matsáætlun þar sem ekki kemur fram að svæðið í heild sinni er vinsælt til útivistar. Einungis er minnst á að framkvæmdasvæðið sé í nágrenni við Raufarhólshelli, sem er fjölsóttur ferðamannastaður, í þeim tilgangi að upplýsa um að framkvæmdaraðili hafi óskað eftir því við Rarik að lagður yrði rafmagnstrengur frá Raufarhólshelli að framkvæmdasvæðinu.

Embættið telur jafnframt að mikilvægt sé að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu í umhverfismati framkvæmdarinnar, þar sem áhrifasvæði hennar nær yfir bæði téðan ferðamannastað og útivistarsvæði.

Embættið telur að öðru leyti að tillagan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir efnistöku og landmótun starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er til staðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir efnistöku í Litla Sandfelli.


F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is
Afrit: Sveitafélagið Ölfus



Reykjavík, 25. febrúar 2022

Umsögn Landverndar um matsáætlun vegna efnistöku ú Litla Sandfelli í Þrengslum.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda matsáætlun vegna efnistöku úr Litla Sandfelli í Þrengslum. Stjórn Landverndar telur afar misráðið að fara í ofangreinda framkvæmd til útflutnings á efni af ástæðum sem raktar eru hér fyrir neðan. Í matsáætlunina vantar að gera grein fyrir mati á losun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmdarinnar, umferðaröryggi og vegi og á ferðapjónustu og útivist. Jafnframt þarf að meta áhrif sandfoks á íbúa Þorlákshafnar. Þá vill Landvernd benda á að innan sveitafélagsins Ölfus eru gríðarstórar efnisnámur sem fyrirhugað er að taka mikið magn af efni úr á næstu árum eins og í Ingólfsfjalli. Skipulagsstofnun er bent á að sveitafélagið Ölfus hefur ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni með efnistökusvæðum og efnistaka úr Þórustaðanámu hefur farið langt fram úr því sem leyfi var fyrir án þess að sveitafélagið hafi brugðist við með öðru en að taka svör leyfishafa trúanleg. Í viðauka má sjá erindi Landverndar til sveitafélagsins vegna þessa sem ekki hefur verið svarað efnislega.

Grænþvottur á eigin skinni

Mjög varasamar réttlætningar á framkvæmdinni er að finna á bls. 9 þar sem fullyrt er að hún muni draga úr kolefnisspori heimsins. Framkvæmdaaðili er hvattur til þess að koma hreint fram og kynna raunveruleg áhrif á kolefnislosun sem felast í mikilli umferð díseldrifinna bíla og siglinga til og frá Íslandi með efni. Stjórn Landverndar telur að fullyrðingar um hnattræn áhrif á loftslag í umfjöllun um núllkost á bls. 13 séu verulega ýktar og þarfnist rökstuðning með gögnum.

Efnisflutningar

Um gríðarlegt magn af efni er að ræða og hluti af matsáætlun verður að vera að meta áhrif á umferðaröryggi, losun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmdarinnar og umferðar vegna hennar og slit á vegum. Hið síðastnefnda eykst í veldisvexti með þyngd ökutækis og því er um veruleg áhrif á vegakerfið að ræða.

Samkvæmt forsendum sem koma fram í matsáætlun um 500 þúsund rúmmetra af efni á ári sem flutt verða til Þorlákshafnar verður um gríðarlegt álag á vegakerfið að ræða. Stór vörubíll tekur um 10 rúmmetra hlass og því munu 50 þúsund ferðir farnar árlega um hættulegan kafla á þrengslavegi en brött brekka liggur frá Raufarhólshelli og niður að

Þorlákshafnarvegi. 50 þúsund ferðir á ári eru 159 ferðir á dag miðað við 6 daga vikunnar, 13 vörubílar á klst. miðað við 12 stunda vinnudag.

Áhrif á ferðaþjónustu

Um er að ræða mjög vinsælt ferðamannasvæði vegna náttúrufegurðar, nálægðar við Reykjavík og vinsælar náttúruperlur. Raufarhólshellir er innan við 5 km frá efnistökusvæðinu þar sem umferð vörubíla, amk. 13 á klst verður stöðug framhjá hellinum. Efnistakan, umferð þungaflutninga og breytt ásjúnd munu hafa verulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu í kring sem og á útivist en vinsælar gönguleiðir eru á nærliggjandi fjöllum eins og Geitafell og Meitlana. Þetta verður að koma fram í matsáætlun og setja þarf fram áætlun um hvernig meta skal áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Þá mun möguleg rykmengun einnig hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu sem og á íbúabyggðina í Þorlákshöfn.

Áhrif á samfélag

Einnig þarf að meta áhrif á samfélagið í Þorlákshöfn. Mikil umferð þungaflutninga um bæinn sem og mögulegt sandfok í slæmum veðrum getur haft verulega neikvæð áhrif á lífsgæði íbúanna. Þá verður líka að taka með í reikninginn samlegðaráhrif af þungaflutningum vegna sandnáms á Mýrdalssandi en fyrirætlanir eru um að keyra sand til Þorlákshafnar í álíka stórum stíl og hér er gert ráð fyrir.

Náttúruverndarlög

Hraun frá nútíma njóta verndar skv. 61. gr náttúruverndarlaga. Um þetta þarf að geta í matsáætlun, til dæmis í umfjöllun um staðhætti á bls. 14 og í umfjöllun um jarðrask á bls. 17 og 19.

Athugasemdir við kafla 4.4 um matsáætlun

4.4.2 Gróður – Einnig verður að meta áhrif af rykmengun og umferð vegna framkvæmdarinnar á viðkvæman gróður í námunda við framkvæmdina og á flutningsleið efnisins. Áhrifasvæðið er mun stærra en sjálft efnistökusvæðið.

4.4.3 Jarðmyndanir – Þar sem um gríðarlega eyðileggingu er að ræða – fjall er fjarlæggt- ætti óháður sérfræðingur að meta áhrif á jarðmyndanir

4.4.4. Gera verður kröfu um rannsóknir á ásjúndarbreytingum. Þá verður einnig að kanna breytta ásjúnd svæðisins vegna aukins umferðaþunga og meta áhrifin á ferðaþjónustu og upplifunargildi nærsvæðisins

4.4.6 Raunveruleg hættu er á mengunarslysi á vatnsverndarsvæði þar sem um mikla starfsemi er að ræða innan þess og mikla flutninga á grannsvæði. Að mati Landverndar verður að meta hættuna sem skapast vegna umferðar og nýrrar efnistöku sjálfstætt en einnig í sambandi við aðrar námur þar sem samanlögð hættu af þeim fyrir grunnvatn getur þá orðið veruleg.

Kaflar sem vantar í matsáætlun – meta verður áhrif á umferðaröryggi, losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni (ásamt flutningum) og á ferðapjónustu. Þá vantar einnig að meta hættu á sandfoki yfir íbúabyggðina í Þorlákshöfn.


Lokaorð

Stjórn Landverndar telur í ljósi þess að eingöngu er um fjárhagslegan ávinning framkvæmdaðila að ræða en engan samfélagslegan ávinning af framkvæmdinni nema síður sé, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verði að ver mjög ítarlegt til að auðvelda leyfisveitenda að taka upplýsta ákvörðun um hvort veita eigi leyfi fyrir henni eða ekki. Því verður Skipulagsstofnun að gera mun ríkari kröfur á matsáætlun heldur en settar eru fram í þessum drögum. Stækka verður áhrifasvæðið sem framkvæmdin nær til þannig að flutningsleiðir séu innifaldar og meta verður áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, umferðaröryggi og ferðapjónustu. Þá verður að bæta fyrirhugað mat á gróðri, landslagi og ásýnd og jarðmyndunum.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Reykjavík 16. febrúar 2022
MÍ202202-0116/ 6.07 / K.M.

Efni: Litla Sandfell í Sveitarfélaginu Ölfusi. Efnistaka.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 31. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Litla Sandfell er lítið fell sem stendur um 95 metra upp úr Leitarhrauni í Þrengslunum. Fellið er í landi Breiðabólstaðar í Ölfusi. Í matsáætlun segir að náma hafi verið starfrækt í Litla Sandfelli síðan 1965 en að lítil starfsemi hafi verið í og við Sandfell undanfarin ár.

Í matsáætlun er gerð grein fyrir tveimur valkostum efnisvinnslunnar auk núllkosta. Aðalvalkostur gerir ráð fyrir að vinna allt að 15 milljón rúmmetra efnis úr fjallinu. Vinnslusvæðið verður allt fellið og að efnistöku lokinni verður felli alveg horfið.

Valkostur B gerir ráð fyrir helmingi minni efnistöku og að efni verði eingöngu tekið úr fellinu að vestanverðu. Fellið hverfur þá ekki alveg og verður áfram sýnilegt frá Þrengslavegi.

Efnið verður nýtt í framkvæmdir á svæðinu og að hluta sem íblöndunarefni í sement.

Í kafla 4 í matsáætluninni er fjallað um mat á umhverfisáhrifum efnistökkunnar. Þar kemur fram að fornminjar eru meðal þeirra umhverfisþátta sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum vegna efnistökkunnar.

Nánar er fjallað um fornminjar í kafla 4.4.5 í matsáætlun. Þar segir að ekki sé vitað um fornminjar á Litla Sandfelli. Efnistakan muni raska Litla Sandfelli varanlega og þar með öllum fornminjum sem þar kunna að leynast. Þá segir að fornleifafræðingur verði fenginn til að kanna efnistökusvæðið.

Vakni er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Nýlega barst Minjastofnun greinargerð Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur fornleifafræðings, dags 15.12.2021, þar sem gerð er grein fyrir fornleifakönnun sem Margrétar gerði á efnistökusvæðinu að undangenginni heimildakönnun. Á loftmynd í greinargerð Margrétar er afmörkun fyrirhugaðs vinnslusvæðis á Sandfelli sýnd. Þar er einungis afmarkaður vestari hluti fjallsins, að öllum líkindum í samræmi við valkost B sem fjallað var um hér að ofan. Í texta greinargerðarinnar segir þó að svæði hringinn í kringum fellið hafi verið kannað. Fellið og svæðið í kringum það sé allt þó nokkuð raskað nema þá helst að norðanverðu. Núverandi náma sé austan í fellinu en efnistaka hafi átt sér stað nánast í öllum hlíðum þess.

Í greinargerðinni kemur fram að heimildir séu til um veg um Þrengslin sem lá austan við Sandfell. Leiðin var kölluð Þrengslaleið. Leiðin hefur væntanlega legið utan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Margrét Björk fann engin ummerki um leiðina í nágrenni efnistökusvæðisins. Engar fornleifar fundust á úttektarsvæðinu.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á efnistökusvæðinu á Litla Sandfelli. Fornleifum mun ekki stafa hættu af fyrirhugaðri efnistöku á fellinu. Stofnunin gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristian Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

511 Skipulagsstofnun
MÓTI: - 3 mars 2022
Málmnr.
2022/11082

Garðabær, 3. mars 2022
Málsnúmer: 202201-0082
LA/IAS/SS

Efni: Umsögn um matsáætlun efnistöku í Litla Sandfelli.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 31. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun efnistöku á Litla Sandfell í Ölfusi, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi matsáætlun og telur að veigamesti þátturinn sé umfang og eðli framkvæmdarinnar og að taka þurfi til skoðunar út frá ýmsum hliðum þá staðreynd að fyrirhugað er að fjarlægja heilt fjall úr náttúru Ísland og flytja úr landi. Fyrir utan þau verulegu óafturkræfu áhrif sem framkvæmdin mun hafa á jarðminjar með hátt verndargildi og landslag, vakna upp grundvallarspurningar um táknræna og siðfræðilega þýðingu þess að áberandi fjall sé fjarlægt í heilu lagi úr íslenskri náttúru. Ekki er víst að ferli mats á umhverfisáhrifum sé best til þess fallið að svara slíkum spurningum á fullnægjandi hátt en mikilvægt er að benda á þessa hlið málsins að mati Náttúrufræðistofnunar.

Í nálægð við Litla Sandfell eru þrjú svæði á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar. Það eru Eldborgir við Lambafell (nr. 753), Eldborg undir Meitlum (nr. 754) og Raufarhólshellir (nr. 755). Þetta eru allt vinsæl útivistarsvæði með mikil tækifæri til framtíðar fyrir ferðaþjónustu. Leitahraun sem umlykur Litla Sandfell er nútímahraun og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Móberg er nokkuð algeng bergmyndun á Íslandi en hefur hátt verndargildi á heimsvísu. Móbergsfjöll, sem eru yfirleitt mynduð við gos undir jökli á ísöld, ásamt hraunflákum og gígum sem hafa myndast á nútíma, einkenna jarðfræði Íslands og íslenskt landslag.

Nú þegar er mikil ásókn í efni úr móbergsmyndunum sem er nýtt í ýmsar framkvæmdir hér á landi. Má þar m.a. nefna nálægar efnisnámur við Litla Sandfell eins og Lambafell og Ingólfsfjall, en gífurlega miklu magni af efni hefur verið mokað úr þeim fjöllum á síðustu árum. Náttúrufræðistofnun telur ekki æskilegt að til viðbótar við núverandi efnistökur hér á landi verði farið í að moka burt heilu móbergsfellunum til útflutnings. Slík efnistaka mun valda varanlegum og óafturkræfum breytingum á jarðmyndunum sem hafa hátt verndargildi, ásamt breytingum á landslagi. Litla Sandfell stendur stakt í nálægð við Þrengslaveg. Þrátt fyrir að vera fremur lítið er það áberandi kennileyti í landslaginu og mjög aðgengilegt t.d. göngufólki. Áhrif á ásýnd landslags verða því umtalsverð af framkvæmdinni og meta þarf áhrif þess á landslagsheildir á svæðinu sem og á útivistargildi og gildi fyrir ferðaþjónustu, fræðslu o.fl..

Í matsskýrslu er fjallað um hið mikla kolefnisspor sem verður við framleiðslu á sementi erlendis og að slík framleiðsla sé ábyrg fyrir um 8% af öllu CO₂ sem losað er af mannavöldum á jörðinni. Íslenska móbergið er talið henta vel í framleiðslu á sementi og geti komið í staðinn fyrir núverandi íblöndunarefni. Einn tilgangur verkefnisins snýr að lækkun á kolefnisspori byggingariðnaðarins á Íslandi og í norður Evrópu. Í þessu tilfelli vill Náttúrufræðistofnun benda á að kolefnisspor sements er skráð í framleiðslulandinu, en aftur á móti mun efnistakan, rekstur námuvinnslutækja og véla, ásamt flutningi og útflutningi á móbergi til erlendra sementsframleiðenda skrifast sem kolefnisspor á Ísland. Þessu þarf að gera grein fyrir í frummatsskýrslu og taka með í útreikningum á kolefnisspori.



Náttúrufræðistofnun telur það áhyggjuefni hvernig efnistaka á Ísland er að þróast út í útflutning á hráefni í stórum stíl s.s. hráefni fyrir sementsframleiðslu erlendis. Mýrdalssandur hefur verið metin gott hráefni í slíka framleiðslu og er fyrirhugað að flytja hann í miklu magni í gegnum Þorlákshöfn til Evrópu. Nú á að gera það sama með móbergsmyndunina í Litla Sandfelli, en rannsóknir sýna að móberg getur einnig hentað vel sem íblöndunarefni í sement.

Gert er ráð fyrir að 15 milljón m³ af efni megi vinna úr Litla Sandfelli sem verður grafið burt og flutt af svæðinu. Í matsáætluninni er minnst á að einhver hluti efnistökkunnar verður notaður í nálægar framkvæmdir en ekki kemur fram hverjar þær eru.

Sýna þarf lagnaleið á 4 km rafstreng frá Raufarhólshelli að Litla Sandfelli, en slík lögn mun að mestu leiti vera innan nútímahrauns sem nýtur sérstakrar verndar.

Gera þarf grein fyrir rykmyndun við mulning á móberginu og áhrif þess á nærliggjandi gróðurþekju og einnig áhrif á umferð í þrengslum.

Fyrirhuguð efnistaka er á mörkum fjarsvæðis og grannsvæðis vatnsverndar. Grunnvatnsstraumur svæðisins liggur til suðurs þar sem eru vatnsból íbúa Þorlákshafnar og vatnstaka í tengslum við ýmiskonar fyrirtæki s.s. átöppunarverksmiðjan Iceland Glacial. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum efnistökkunnar á Litla Sandfelli á vatnsverndarsvæðið og viðbragðsáætlunum varðandi mengunarslys.


Náttúrufræðistofnun telur að horfa þurfi heildstætt á efnistöku og efnisflutninga og samlegðaráhrif mismunandi fyrirtækja sem standa í að selja efni til útflutnings og þá sérstaklega þarf að skoða hvort Þorlákshöfn ráði við allan þennan efnisflutning. Þar er nú þegar útflutningur á Hekluvíkri, til stendur að flytja mikið magn (1,43 milljónir m³ á ári) af Mýrdalssandi frá Þorlákshöfn og þá er fyrirhugað að bæta við muldu móbergi úr Litla Sandfelli (500.000 m³ á ári).

Náttúrufræðistofnun setur fram eftirfarandi atriði til skoðunar sem vissulega tengist efnistöku í Litla Sandfelli:

- Hver verða samfélagslegu áhrifin þar sem haugsetning og flutningur á lausum jarðefnum verður gífurlega mikið alla daga ársins?
- Hvernig verður komið í veg fyrir ryk- og sandfok innan byggðar Þorlákshafnar og við Litla Sandfell?
- Hvernig ráða núverandi þjóðvegir landsins við slíkt magn af þungaflutningum allan ársins hring?
- Hver er slyshættan af slíkum flutningum á þjóðvegum landsins?

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.


Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.


Efnistaka úr Litla Sandfelli í Þrengslum

Mat á umhverfisáhrifum - kynning matsáætlunar



Umsögn:

Vatnsveita Hjallasóknar, VHS, (kt. 590494-2089) eru félagasamtök sem reka vatnsveitu í vesturhluta dreifbýlis Ölfus. VHS er með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Notendur erum um 80, lögbýli/nýbýli og sumarhús. Vatnsból VHS er um 3,5 km sunnan við Litla Sandfell og liggur töluvert neðar en Litla Sandfell, sjá mynd 1.



Mynd 1 Fjarlægð frá Litla Sandfelli að vatnsbóli Vestursveitarinnar í Ölfusi.
Bláa línan sýnir dreifikerfi vatnsveitunnar og gula línan sýnir fjarlægðina frá litla Sandfelli í vatnsbólið.

Stjórn VHS vill leggja mikla áherslu á að liður 4.4.6 í matskýrslu um efnistöku úr Litla Sandfelli sé tekinn föstum tókum vegna áhrifa sem gætu orðið á vatnsbólið á 30 ára tímabili. Hvaða áhættur eru til staðar og hvað verður gert til að fyrirbyggja að vatnsbólið mengist ekki ásamt þeirri tryggingu sem rekstraraðilar efnistökkunnar hafa gagnvart eigendum og notendum VHS.

Fyrir hönd VHS
Gunnar Gunnarsson
Gjaldkeri

